

**KJARASAMNINGUR**  
**milli**  
**Félags íslenskra leikara**  
**og**  
**Samtaka atvinnulífsins**  
**vegna Leikfélags Reykjavíkur**

**1. gr.**

Kjarasamningur þessi felur í sér breytingar og viðbætur við kjarasamning Félags íslenskra leikara og Samtaka atvinnulífsins vegna Leikfélags Reykjavíkur. Kjarasamningurinn nær til leikara og dansara sem falla undir samning þennan með þeim sérákvæðum sem gilda um dansara skv. 11. kafla samningsins.

**2. gr.**

**Launabreytingar**

Laun og sýningarlaun eru samkvæmt hjálögðum töflum.

**3. gr.**

**Desember- og orlofsuppbót**

Desemberuppbót fyrir hvert almanaksár miðað við fullt starf er:

Á árinu 2021 96.000 kr.

Á árinu 2022 98.000 kr.

Orlofsuppbót fyrir hvert orlofsár (1. maí til 30. apríl) miðað við fullt starf er:

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2021 verði orlofsuppbót kr. 52.000.

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2022 verði orlofsuppbót kr. 53.000.

Eingreiðsla í desember 2020 og 2021

Í júní 2021 greiðist sérstök 529.000 kr. eingreiðsla til allra þeirra sem voru á launaskrá hjá LR tímabilið júlí 2019 – desember 2020. Greiðslan er hlutfallsleg m.v. starfshlutfall frá 1.7.2019 til 31.12.2020.

Í desember 2021 greiðist sérstök 150.000 kr. eingreiðsla til allra þeirra sem voru á launaskrá hjá LR tímabilið janúar – desember 2021. Greiðslan er hlutfallsleg m.v. starfshlutfall frá 1.1.2021 til 31.12.2021.

**4. gr.**

**Samningsforsendur**

Kjarasamningur þessi byggir á sömu samningsforsendum og almennir kjarasamningar dags. 3. apríl 2019. Verði gerðar breytingar á samningsákvæðum almennra kjarasamninga eða samningstíma á grundvelli ákvæða um hagvaxtarauka og kauptaxtaauka eða forsenduákvæða framangreindra kjarasamninga skal sambærileg breyting gilda um samning þennan. Komi til þess að kjarasamningunum frá 3. apríl 2019, verði sagt upp er heimilt að segja samningi þessum upp frá sama tíma. Tilkynna skal um uppsögn innan fimm virkra daga frá því almennum kjarasamningum er sagt upp.

5. gr.

**Gildistími og atkvæðagreiðsla**

Kjarasamningur þessi gildir til 1. nóvember 2022 og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar. Tilkynna skal um afgreiðslu kjarasamninga fyrir 22. júní 2021.

**Fylgiskjöl**

Í fylgiskjöllum eru kaupbætur á samningstímabilinu, breytingar á einstökum köflum kjarasamningsins og bókanir.

Reykjavík, 8. júní 2021

F.h. Félags íslenskra leikara

Björgvin  
Valka  
Kati  
Hrafnhildur Svendsdóttir

F.h. SA vegna Leikfélags Reykjavíkur

Einar Þor  
Guðmundur H. Guðmundsson  
Ólafur G. Halldórsson  
Kristín Ógmundsdóttir

**Kauptaxtar og sýningarlaun á samningstímabilinu**

**Launatafla 1.6.2021**

<b>Lfl.</b>		<b>Laun</b>	<b>Tímavinna</b>	<b>Yfirvinna</b>
1	Byrjunarlaun	528.649	3.341	5.490
2	Eftir 1 árs prófaldur	549.568	3.473	5.707
3	Eftir 3 ára prófaldur	561.767	3.550	5.834
4	Eftir 6 ára prófaldur	584.427	3.694	6.069
5	Eftir 12 ára prófaldur	608.830	3.848	6.323
6	Eftir 20 ára prófaldur	621.031	3.925	6.449
7	Eftir 25 ára prófaldur	647.177	4.090	6.721
8	Eftir 30 ára prófaldur	675.067	4.266	7.011

<b><u>Sýningarlaun</u></b>	<b><u>1.1.2021</u></b>
Hefðbundnar sýningar	7.186
Stytttri en 1 klst.	3.693

**Launatafla 1.1.2022**

<b>Lfl.</b>		<b>Laun</b>	<b>Tímavinna</b>	<b>Yfirvinna</b>
1	Byrjunarlaun	553.649	3.499	5.750
2	Eftir 1 árs prófaldur	574.568	3.631	5.967
3	Eftir 3 ára prófaldur	586.767	3.708	6.094
4	Eftir 6 ára prófaldur	609.427	3.852	6.329
5	Eftir 12 ára prófaldur	633.830	4.006	6.582
6	Eftir 20 ára prófaldur	646.031	4.083	6.709
7	Eftir 25 ára prófaldur	672.177	4.248	6.981
8	Eftir 30 ára prófaldur	700.067	4.424	7.270

<b>Sýningarlaun</b>	<b>1.1.2022</b>
Hefðbundnar sýningar	7.366
Stytttri en 1 klst.	3.785

## **Breytingar á einstaka greinum kjarasamningsins**

Grein 1.1. fellur út enda eru launatöflur fylgiskjal samningsins. Aðrar greinar færast ofar.

### **Breytt grein 1.2 hljóði svo:**

Röðun í launaflokka í launatöflu miðast við prófaldur.

### **Grein 1.4 hljóði svo:**

Tímavinnukaup í hverjum launaflokki er 0,632% af mánaðarlaunum leikara skv. hjálögðum launatöflum.

### **Grein 2.1.1 hljóði svo:**

Vinnuskylda fastráðins (sbr. grein 6.2.1.) og ársráðins leikara (sbr. grein 6.2.2) er 39 stundir á viku m.v. fullt starf.

### **Grein 2.1.2 hljóði svo:**

Vinnuskylda verkefnaráðins leikara (sbr. grein 6.2.3) er 39 stundir á viku m.v. fullt starf.

### **Breytt 1. mgr. greinar 2.1.4 um æfingar hljóði svo:**

Daglegur æfingatími skal vera á tímabilinu frá kl. 09:00-17:00, frá mánudegi til fimmtudags. Á föstudögum skal æfingum ljúka eigi síðar en kl. 16:00. Hámarks lengd daglegra æfinga er 6 klst. samfellt. Æfingar mega þó vera allt að 7 klst. á dag að hámarki þrisvar sinnum við hverja uppfærslu þegar langur undirbúningur og tiltekt er fyrir og/eða eftir æfingu t.d. vegna förðunar, hárgreiðslu og búningamátunar eða vegna kynningarefnis enda sé leikari ekki að sýna samdægurs.

### **Ný mgr. bætist við grein 2.1.4 um æfingar:**

Leikari skal ekki boðaður til æfinga á öðrum verkum á frumsýningardegi.

### **Ný 2. mgr. bætist við grein 2.1.6 um vinnutíma í leiksýningum og aðrar mgr. færast niður. 2. mgr. hljóði svo:**

Aðilar geta óskað eftir að hlutverk verði endurmetin tveimur vikum eftir frumsýningu. Við mat á því hvort um stórt og/eða krefjandi hlutverk sé að ræða ber að líta til tíma á sviði, magn texta ásamt líkamlegri áreynslu.

### **Ný 2. mgr. bætist við grein 2.4.4 um vikulegan frídag frá 1.9.2021:**

Vikulegur frídagur skal liggja fyrir 4 vikur í senn og liggja fyrir að minnsta kosti viku áður en taka á gildi.

### **Breytt grein 2.5.4 hljóði svo:**

Sýningaráætlun skal ná a.m.k. mánuð fram í tímann og vera aðgengileg starfsmönnum. Ekki er hægt að ákveða sýningu með minna en fjórtán sólarhringa fyrirvara. Afboða ber sýningu með minnst 48 klst. fyrirvara. Ef sýning er ekki afboðuð með tilskildum fyrirvara á leikari rétt á að færa þá sýningu inn í vinnuskyldu. Framangreindir frestir gilda ekki ef LR þarf að gera breytingar á sýningum vegna óviðráðanlegra aðstæðna (*force majeure*). Ófærð og samkomutakmarkanir stjórnvalda teljast m.a. til óviðráðanlegra aðstæðna.

**Breytt grein 2.7.1 hljóði svo:**

Greiðsla fyrir sýningar er skv. meðfylgjandi fylgiskjali. Ekki er greitt sýningarálag á skólasýningar sem sýndar eru á dagvinnutíma. Þegar selt er inn á forsýningar skulu þær greiddar með 50% af sýningarlaunum skv. meðfylgjandi fylgiskjali.

**Ný grein 2.8. um ráðningarfestu komi inn í kjarasamning sem hljóði svo og grein 10.2 falli niður:**

2.8.1. Starfsfólki er ekki heimilt að taka að sér önnur leikhlutverk eða starf í öðru leikhúsi meðan það er ráðið hjá LR, nema með samkomulagi leikhússtjóra. Slíkt leyfi má veita að því tilskyldu að viðkomandi sé ekki að æfa eða sýna í LR á sama tíma og það raski ekki starfsemi LR eða áætlunum. Í slíkum tilfellum tekur viðkomandi launalaust leyfi frá LR í þann tíma sem hann er í starfi í öðru leikhúsi.

Ef verkefni skarast og starfsmaður er enn að sýna í LR, eftir að hið launalaus leyfi hefur verið heimilað, skal honum boðið að taka hlutfall af mánaðarlaunum vegna þeirra sýninga sem út af standa, samkvæmt nánara samkomulagi milli leikara og leikhússtjóra. Í þeim tilfellum skal það liggja til grundvallar að sýningar LR njóti forgangs svo áætlanir þess raskist ekki. Óski starfsmaður þess að losa sig alfarið úr viðkomandi sýningu, frekar en að þiggja hlutfall af mánaðarlaunum skal hann taka þátt í að æfa annan starfsmann í hlutverkið.

2.8.2. Starfsfólk þarf heimild leikhússtjóra vilji það taka að sér verkefni í sjónvarpi, kvikmyndum og útvarpi á starfstíma leikhússins á ári hverju, en þurfa ekki slíka heimild meðan á sumarleyfi þeirra stendur.

Verkefnaráðið starfsfólk skal gera samkomulag við leikhússtjóra vilji það ráða sig til annarra verkefna (annað leikhúss eða önnur leikhlutverk) jafnhliða samningi við LR. Í báðum tilvikum skal tryggt að LR njóti forgangs við æfingar og sýningar.

**Breytt 3. mgr. greinar 4.1.4 hljóði svo:**

Fastráðinn og ársráðinn leikari skal fá 10,17% orlofsfé á alla yfirvinnu skv. samningi þessum. Eftir 3 ára starf skal leikari fá 11,59% og eftir 5 ára starf 13,04%.

**Breytt 2. mgr. greinar 4.1.5 hljóði svo:**

Eftir 3 ára starf skal verkefnaráðinn leikari fá 11,59% og eftir 5 ára starf 13,04%.

**Breytt heiti greinar 5.8 verði:**

Veikindi barna

**Ný mgr. bætist við grein 5.8.1 um veikindarétt barna og hljóði hún svo:**

Sama á við um börn undir 16 ára aldri í alvarlegum tilvikum sem leiða til sjúkráðsvisstar í a.m.k. einn dag.

**Nýjar mgr. bætast við grein 6.4 um fæðingarorlof og hljóði svo:**

Starfsmanni sem vegna töku fæðingarorlofs hefur skert laun í sumarorlofi er heimilt að óska eftir að fá að starfa í sumarlokun við þau verkefni sem hann og leikhússtjóri sammælast um að henti starfsmanni og komi til góða fyrir leikhúsið, sbr. gr. 2.1.7 í kjarasamningi. Óska skal koma fram af hálfu starfsmanns um að starfa í sumarlokun samhliða tilkynningu um töku fæðingarorlofs.

Starfsmaður sem eignast barn í sumarlokun og er af þeim sökum skylt að taka sér fæðingarorlof í tvær vikur frá þeim tíma skv. 8. gr. laga um fæðingar- og foreldraorlof á rétt á flutningi orlofs vegna þess.

BY 5/16

**Breytt grein 7.5.1 hljóði svo:**

Leikari greiðir 4% af launum í lífeyrissjóð og LR greiðir 11,5% mótframlag. Verði, á gildistíma samnings þessa, samið um breytingar á framlagi í lífeyrissjóði á almennum markaði þá mun þessi samningur taka mið af því.

**Ný 4 mgr. greinar 8.2 bætist við og hljóði svo:**

Leikara ber að afhenda LR staðfestingu á að hann hafi sinnt endurmenntun með skil á skírteini og/eða greinagerð um skoðun sína á leikhúsmenningu erlendis.

**Ný grein 10.5 hljóði svo:**

LR skal framkvæma áhættumat í samræmi við lög nr. 46/1980 og sjá til þess að starfsmenn sæki viðeigandi öryggisnámskeið þar sem þess er þörf.

**Breytt grein 11.1 hljóði svo:**

Samningur þessi gildir frá 1. júní 2021 til 1. nóvember 2022 með þeim fyrirvörum sem í þessum samningi felast og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

Kjarasamningur þessi byggir á sömu samningsforsendum og almennir kjarasamningar dags. 3. apríl 2019. Verði gerðar breytingar á samningsákvæðum almennra kjarasamninga eða samningstíma á grundvelli ákvæða um hagvaxtarauka og kauptaxtaauka eða forsenduákvæða framangreindra kjarasamninga skal sambærileg breyting gilda um samning þennan. Komi til þess að kjarasamningunum frá 3. apríl sl. verði sagt upp er heimilt að segja samningi þessum upp frá sama tíma. Tilkynna skal um uppsögn innan fimm virkra daga frá því almennum kjarasamningum er sagt upp.

**Breytt grein 11.2 hljóði svo:**

Launahækkanir samningsins eru allar í formi krónutöluhækkana á mánaðarlaun. Með mánaðarlaunum er átt við föst mánaðarlaun fyrir dagvinnu.

**Nýr 11. kafli um dansara hljóði svo og aðrar greinar færast neðar:****11.1. Gildissvið**

11.1.1 Kafli þessi gildir um dansara sem hafa lokið 3 ára BA námi í listgrein sinni. Sama gildir um þá aðila sem lokið hafa í það minnsta 2 ára námi á háskólastigi í dansi og hafi dansað í a.m.k. 3 dans- eða atvinnuleiksýningum eftir að 18 ára aldri er náð. .

**11.2. Verkefnaráðning á föstum launum**

11.2.1 Dansari fær greidd mánaðarlaun skv. meðfylgjandi launatöflu eigi skemur en fyrstu 4 mánuði ráðningar.

Auk fastra mánaðarlauna fær dansari greiðslu fyrir sýningar skv. grein 2.7.1.

Á þeim tíma sem dansari er á mánaðarlaunum nýtur hann sömu réttinda og ber sömu skyldur og verkefnaráðinn leikari hjá LR.

**11.3. Verkefnaráðning á hlutfallslaunum**

11.3.1 Í þeim tilvikum sem samið er um hlutfallsráðningu eftir 4 mánuði á fullum launum skv. gr.

11.2.1. fær dansari greitt sem hér segir:

Ef fjöldi sýninga samkvæmt staðfestingu sýningarplani eru 12-16 á launátímabili er heimilt að greiða dansara fyrir viðkomandi uppgjörsmánuð 75% af mánaðarlaunum.

Ef fjöldi sýninga samkvæmt staðfestingu sýningarplani eru 11 eða færri á launátímabili er heimilt að greiða fyrir viðkomandi uppgjörsmánuð 50% af mánaðarlaunum.

Dansari fær auk þess greiðslu fyrir sýningar skv. grein 2.7.1.

Þegar dansari starfar skv. grein 11.3. ber hann engar aðrar skyldur við LR en að sýna umrætt verk skv. staðfestu sýningarplani og undirbúa sig fyrir það í samræmi við grein 2.1.5. Staðfest sýningarplan skal liggja fyrir 4 vikur í senn og kynnt að minnsta kosti viku áður en það á að taka gildi.

#### **11.4. Réttindi og skyldur**

Um réttindi og skyldur dansara svo sem orlof, veikindarétt og uppsagnarfrest fer eftir því sem gildir um verkefnaráðna leikara.

### **Bókanir**

#### **Bókun um launakerfi**

Í stað launataxta, er heimilt að innleiða launakerfi samningsaðila. Í launakerfinu verði viðmið og efnisþættir sem ráðað er saman eftir því sem við á og ferli við mat og þróun. Hvor aðili, starfsmenn á grundvelli meirihlutastuðnings eða fyrirtæki, getur farið fram á viðræður um upptöku nýs launakerfis.

Samkomulag um nýtt launakerfi innan fyrirtækis skal vera skriflegt og borið undir alla þá sem samkomulaginu er ætlað að taka til í leynilegri atkvæðagreiðslu sem hlutaðeigandi samninganefnd starfsmanna stendur fyrir. Samkomulag telst samþykkt ef það fær stuðning meirihluta greiddra atkvæða. FÍL skal ganga úr skugga um að samkomulagið standist ákvæði laga og kjarasamninga um lágmarkskjör. Við innleiðingu nýs launakerfis skal það tryggt að enginn starfsmaður verði verr settur vegna innleiðingar slíks kerfis.

#### **Bókun um fjölskylduvænna vinnuumhverfi**

LR mun vinna markvisst að því að bæta skipulag og skapa fjölskylduvænna vinnuumhverfi eftir því sem kostur er. Drög að sýningadagskrá liggur fyrir að hausti sem mælt er til að starfsfólk kynni sér og leitast skal við að skipuleggja æfingar með mánaðar fyrirvara. Reynt verður að halda álagi sem jöfnustu milli vikna og LR mun leitast við að boða leikara ekki á aðra sýningu en frumsýningu á frumsýningardegi.

#### **Bókun um dansara**

Markmið aðila til lengri tíma er að skapa forsendur til þess að geta ráðið inn sem flesta háskólamenntaða dansara í fullu starfi á sömu forsendum og leikara.